

SKÝRSLA
RÍKISENDURSKOÐUNAR
UM SKULDBREYTINGAR
OPINBERRA GJALDA
frá 1. júní 1989 til
31. desember 1990

MARS 1991

EFNISYFIRLIT

INNANGUR	3
1. LAGAHEIMILDIR	4
1.1. Hvaða skattar og gjöld falla undir þessa grein	4
1.2. Heimildir til niðurfellingar gjalda til ríkissjóðs	5
2. FRAMKVÆMD SKULDBREYTINGA OPINBERRA GJALDA.....	6
2.1. Almennt.....	6
2.2. Niðurstöður.....	6
3. FYLGISKJÖL:	
3.1. Aldurgreining skuldbreyttra gjalda.....	10
3.2. Lánstími einstakra samninga	11
3.3. Hlutfall fjárhæða eftir lánstíma	12

INNGANGUR:

Samkvæmt lokamálslið 2. mgr. 111. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1989, skal Ríkisendurskoðun að loknu hverju innheimtuári gefa Alþingi skýrslu um alla samninga sem gerðir hafa verið um greiðslu skattkrafna. Í samræmi við þetta lagaboð er í skýrslu þessari gerð grein fyrir samningum af þessu tagi vegna erinda sem bárust Ríkisendurskoðun á tímabilinu frá 1. júní til ársloka 1989 og allt árið 1990.

Í fyrsta kafla er vikið að helstu lagaheimildum til skuldbreytinga opinberra gjalda. Í öðrum kafla er fjallað um framkvæmd skuldbreytinga. Í kaflanum er yfirlit um þær umsóknir sem Ríkisendurskoðun fékk til umfjöllunar. Þar er og yfirlit yfir þær skuldbreytingar, sem samþykktar voru og þau bréf, er útgefin hafa verið í samræmi við heimildir fjármálaráðuneytisins. Loks er lítillega vikið að skuldbreytingum skattskulda einstaklinga samkvæmt reglugerð nr. 73/1988.

1. LAGAHEIMILDIR

Lög nr. 62/1989 um breyting á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt voru samþykkt á Alþingi þann 17. maí 1989 og tóku gildi þann 31. maí sama ár. Samkvæmt 1. gr. þeirra skal svohljóðandi málsgrein bætast við 111. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

"Það skal vera stefna við innheimtu á tekjuskatti og eignarskatti samkvæmt lögum þessum að allir gjaldendur, sem eins stendur á um við innheimtu, vanskil og nauðungaraðgerðir, skuli hljóta sams konar meðferð. Telji innheimtumaður tók á að tryggja greiðslu á kröfu, sem ella mundi tapast, með samningi um greiðslu skal hann gefa fjármálaráðherra ítarlega skýrslu um málavöxtu. Fjármálaráðherra er heimilt að samþykkja slíkan samning að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar. Að loknu hverju innheimtuári skal Ríkisendurskoðun gefa Alþingi skýrslu um alla samninga af þessu tagi."

Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a. að skort hafi skýr lagaákvæði um innheimtu opinberra gjalda og hvernig brugðist skuli við vanskilum. Þar er greint frá því að meginstefna skattalöggjafar skuli felast í því að tryggja öllum þegnum þjóðfélagsins, sem eins stendur á um, sömu meðferð eftir skýrum lagaákvæðum.

Um þau skilyrði sem þurfa að vera til staðar til að fjármálaráðherra sé heimilt leyfa skuldbreytingar opinberra gjalda, segir svo í greinargerðinni: " Samkvæmt greininni skal einungis heimilt að lána opinber gjöld í þeim tilvikum þar sem innheimtuaðili telur að krafan fáið ekki greidd nema með því að semja um greiðslu á henni."

1.1. Hvaða skattar og gjöld falla undir þessa grein?

Nefnd 111. gr. laga nr. 75/1981 fjallar eðli málsins samkvæmt aðeins um tekjuskatt og eignarskatt. Hins vegar er þess að gæta að í ýmsum skattalögum er sérstaklega kveðið á um að ákvæði laganna um tekjuskatt og eignarskatt skuli gilda um framkvæmd þeirra fyrrnefndu eftir því sem við getur átt. Þannig segir t.d. í 37. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, að innheimtukafli tekjuskatts laganna skuli gilda um innheimtu þinggjalda, eftir því sem við getur átt og ekki er öðruvísi ákveðið í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Á sama hátt segir í 4. mgr. 47. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum, að um þau atriði sem ekki eru sérstök ákvæði um í þeim, fari eftir lögum um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á. Sambærilegt ákvæði var og að finna í lögum um söluskatt á sínum tíma. Eins má nefna hér ákvæði 7. gr. laga um launaskatt sem var efnislega sambærilegt ofangreindum ákvæðum. Sömu reglur sýnast og gilda vegna tryggingargjalds, skv. t.d. 10., 11. og 14. gr. laga nr. 113/1990.

Með hliðsjón af framansögðu hefur fjármálaráðuneytið litið svo á að í 111. gr. tekjuskatts laganna sé að finna meginreglu, er eðlilegt sé að gildi um alla skatta og gjöld sem innheimt eru í ríkissjóð. Í þessu sambandi hefur ráðuneytið bent á að ákvæðinu sé fyrst og fremst ætlað að tryggja hagsmuni ríkissjóðs en ekki skattgreiðandans þó oft kunni þeir að fara saman í þessu efni.

Á miðju ári 1989 markaði fjármálaráðuneytið þá stefnu að semja hvorki um skuldbreytingu á vangoldnum söluskatti og virðisaukaskatti, þrátt fyrir þær heimildir sem að framan eru raktar. Þrátt fyrir þetta eru tvær skuldbreytingar á söluskatti tilgreindar í meðfylgjandi lista. Önnur var heimiluð áður en fjármálaráðuneytið markaði áður nefnda

stefnu. Í hinu tilvikinu láðist að geta þess í bréfi ráðuneytisins til gjaldenda og innheimtumanna að heimildin til skattbreytingar skattskulda næði ekki til söluskatts. Vegna þessara mistaka varð skuldbreyting meiri en ætlast var til.

Rétt er að taka fram að engar heimildir eru í lögum til þess að semja um greiðslu staðgreiðslu tekjuskatts sem launagreiðandi hefur haldið eða á að halda eftir af launamönnum í hans þjónustu.

Í framkvæmd hefur ráðuneytið sett það skilyrði að framangreindar kröfur séu gerðar upp ef skuldbreyting á öðrum gjöldum eigi að koma til álita.

1.2. Heimildir til niðurfellingar gjalda til ríkissjóðs.

Í lögum er ekki að finna almenna heimild til að fella niður skattskuldir, hvorki að hluta eða öllu leyti. Það sama á við um dráttarvexti og kostnað. Þrátt fyrir þetta er ríkissjóður bundinn við nauðasamninga skv. lögum nr. 79/1924 sem samþykktir hafa verið af tilskildum hluta kröfuhafa, sbr. Hrd. 1985: 1465. Þá er ríkissjóður að sjálfsögðu bundinn við úthlutun skiptaréttar úr þrotabúi.

Við þetta má bæta að samkvæmt 24. gr. bráðabirgðalaga nr. 83/1988 þá var heimilt að fella niður hluta dráttarvaxta. Gilti þetta eingöngu um vangoldinn tekju- og eignarskatt einstaklinga sem lagður hafði verið á áður en staðgreiðsla skatta var tekin upp. Heimilt var að fella niður 50% dráttarvaxta ef skuldin var greidd fyrir árslok 1988 en 25% dráttarvaxta ef gert var upp fyrir 1. júlí 1989.

Fjármálaráðherra gaf út reglugerð í samræmi við þessi lög þann 23. febrúar 1989. Einstaklingar gátu sótt um skuldbreytingu til innheimtumanns ríkissjóðs. Umsækjendur gátu valið um þrenns konar lánstíma: Skuldabréf til þriggja ára og 1,5% vexti, til fjögurra ára og 2,5% vexti og fimm ára og 3,5% vexti. Skuldabréfin voru verðtryggð. Umsóknarfrestur var til 15. apríl 1989 en þó munu umsóknir hafa verið afgreiddar eftir þann tíma allt fram á þetta ár. Þann 19. febrúar 1990, sendi fjármálaráðuneytið út dreifibréf til innheimtumanna þar sem tilkynnt var að umsóknarfrestur samkvæmt reglugerðinni væri útrunninn. Samkvæmt upplýsingum frá ríkisfóðirði þá hafa alls um 360 skuldabréf verið gefin út eftir þessari reglugerð.

2. FRAMKVÆMD SKULDBREYTINGA OPINBERRA GJALDA 1989 og 1990

2.1. Almennt

Skv. 111. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignaskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1989 ber innheimtumanni ríkissjóðs að senda fjármálaráðuneytinu, ítarlega skýrslu um málvöxtu telji hann tók á að tryggja greiðslu á kröfu, sem ella myndi tapast. Fjármálaráðuneytið á að senda erindið til Ríkisendurskoðunar til umsagnar. Að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar er fjármálaráðherra heimilt að samþykkja skuldbreytinguna. Líta verður svo á að ráðherra sé ekki bundinn af umsögn Ríkisendurskoðunar.

Á árinu 1989 bárust Ríkisendurskoðun til umsagnar erindi 33 aðila vegna skuldbreytinga. Af þeim samþykkti fjármálaráðuneytið erindi 17 aðila. Í árslok 1990 höfðu 13 aðilar gengið frá sínum málum við ríkissjóð en mál 4 aðilar voru ófrágengin.

Á árinu 1990 bárust Ríkisendurskoðun til umsagnar erindi 68 aðila vegna skuldbreytinga. Af þeim samþykkti fjármálaráðuneytið erindi 34 aðila. Í árslok 1990 höfðu 22 aðilar gengið frá sínum málum við ríkissjóð en mál 12 aðila voru ófrágengin.

2.2. Niðurstöður

Heildarfjárhæð þeirra skulda sem skuldbreytt var 1989 og 1990 nam kr. 115.696.483. Þar af eru kr. 33.568.784 frá árinu 1989 en kr. 82.127.784 frá árinu 1990. Þess ber að geta hér að um er að ræða 7 mánuði á árinu 1989.

	Fjárhæð	Hlutfall
Höfuðstóll	76.350.707	66.0%
Dráttarvextir	39.073.925	33.8%
Kostnaður	<u>271.851</u>	<u>0.2%</u>
	<u>115.696.483</u>	<u>100.0%</u>

Að langstærstum hluta var um að ræða skuldbreytingu á þinggjöldum en einnig var verulegum fjárhæðum skuldbreytt af launaskatti en mun minna af öðrum gjöldum.

	Fjárhæð	Hlutfall
Þinggjöld	91.302.013	78.9%
Launaskattur	19.843.318	17.2%
Söluskattur	4.461.129	3.9%
Önnur gjöld	<u>90.023</u>	<u>0.1%</u>
	<u>15.696.483</u>	<u>100.0%</u>

Algengasti lánstíminn er 5 ár eða í 12 tilfellum. 7 aðilar fengu lánað til 3 ára og 7 til 4 ára. Öll bréfin eru verðtryggð og í flestum tilfellum er um að ræða meðaltalsvexti eins og þeir eru ákvarðaðir af Seðlabanka Íslands.

Til tryggingar skuldbréfunum hefur fjármálaráðuneytið krafist fasteignaveðs sem er innan 65% af brunabótamati viðkomandi eignar eða sambærilegrar tryggingar. Í einu tilfelli er um sjálfskuldarábyrgð að ræða.

Í árslok 1990 voru 18 skuldabréf meira og minna í vanskilum og stór hluti þeirra aðila sem fengu skuldbreytingu voru á ný komnir í vanskil með opinber gjöld.

Í þremur tilfellum voru afgreidd skuldabréf ekki í fullu samræmi við bréf ráðuneytisins. Ekki var um að ræða stórvægileg frávik. Athygli ráðuneytisins hefur verið vakin á þessu misræmi.

Eftirtaldir aðilar fengu heimild til skuldbreytingar og gengu frá henni við sinn innheimtumann og er þeim raðað eftir útgáfudegi skuldabréfanna:

Dags.	Gjaldandi	Tegund gjalda	Fjárhæð	Skilmálar
Árið 1989:				
Júní	Lögaðilar	Söluskattur	4.300.000	2 verðtryggð samhljóða hæstu lögleyfðu vextir
Október	Lögaðili	Þinggjöld	17.332.084	Verðtryggt til 8 ára, meðaltalsvextir samkv. Seðlabanka
Desember	Lögaðili	Þinggjöld	665.093	
Desember	4 Lögaðilar	Þinggjöld, launa-skattur, atvinnul.tr.sj. gjald og þungaskattur	11.271.522	Tekin voru 23 samhljóða verðtryggð skuldabréf til 3,4 og 7 ára frá þriðja aðila, meðaltalsvextir samkv. Seðlabanka.
	Samkv.			
	Samtals 01.06.-31.12.1989		<u>33.568.699</u>	
Árið 1990:				
Febrúar	Lögaðili	Þinggjöld og launa-skattur	2.084.000	Verðtryggt til 5 ára, meðaltalsvextir samkv. Seðlabanka
Febrúar	Einstaklingur	Þinggjöld	844.413	Verðtryggt til 3ja ára, meðaltalsvextir samkv. Seðlabanka
Febrúar	2 einstaklingar	Þinggjöld og launa-2.212.149 skattur	Verðtryggt til 5 ára, meðaltalsvextir samkv. Seðlabanka	Febrúar
Febrúar	Einstaklingur	Þinggjöld og launa-skattur	779.772	Verðtryggt til eins árs, meðaltalsvextir samkv. Seðlabanka
Febrúar	Einstaklingur	Launaskattur	620.427	Verðtryggt til 3ja ára, meðaltalsvextir samkv. Seðlabanka
Febrúar	Einstaklingur	Launaskattur	440.550	Verðtryggt til 3ja ára meðaltalsvextir samkv. Seðlabanka
Febrúar	Lögaðili	Þinggjöld	2.491.493	Tvö verðtr. skuldabréf til 3 og hálfs árs vaxtalaus
Mars	Einstaklingur	Launaskattur	164.882	Verðtryggt til 1 árs, meðaltalsvextir samkv. Seðlabanka
Mars	Lögaðili	Þinggjöld og launaskattur	662.861	Verðtryggt til 2ja ára, meðaltalsvextir skv. Seðlabanka
Dags.	Gjaldandi	Tegund gjalda	Fjárhæð	Skilmálar
Mars	Einstaklingur	Þinggjöld	881.325	Verðtryggt til 5 ára, meðaltalsvextir samkv. Seðlabanka
Mars	Lögaðili	Þinggjöld	918.000	Verðtryggt til 2ja ára, meðaltalsvextir samkv. Seðlabanka
Apríl	Einstaklingur	Þinggjöld	304.608	Verðtryggt til 4ra ára, meðaltalsvextir samkv. Seðlabanka
Apríl	Lögaðili	Launaskattur	1.485.582	Verðtryggt til 5 ára, meðaltalsvextir samkv. Seðlabanka
Maí	2 einstaklingar	Þinggjöld	6.820.251	Verðtryggt til 2ja ára, meðaltalsvextir samkv. Seðlabanka
Maí	Lögaðili	Þinggjöld og launa-skattur	36.416.004	Verðtryggt til 8 ára, meðaltalsvextir samkv. Seðlabanka

Mái	Lögaðili	Launaskattur	2.481.201	Verðtryggt til 5 ára, meðaltalsvextir samkv. Seðlabanka
Mái	Lögaðili	Þinggjöld og launa- skattur	7.567.007	Verðtryggt til 5 ára, meðaltalsvextir samkv. Seðlabanka
Mái	Lögaðili	Þinggjöld og launa- skattur	4.103.087	Verðtryggt til 5 ára, meðaltalsvextir samkv. Seðlabanka
Mái	Einstaklingur	Þinggjöld, launa- skattur og söluskattur	1.492.429	Verðtryggt til 5 ára, meðaltalsvextir
September	Einstaklingur	Þinggjöld	402.627	Verðtryggt til 4 ára, meðaltalsvextir samkv. Seðlabanka
September	Einstaklingur	Þinggjöld	2.682.577	Verðtryggt til 5 ára, meðaltalsvextir
Október	Einstaklingur	Þinggjöld	576.197	Verðtryggt til 5 ára, meðaltalsvextir samkv. Seðlabanka
Nóvember	Lögaðili	Þinggjöld	5.176.987	Skuldabréfið er útgefið af þriðja aðila, verðtryggt til 5 ára, meðalvextir banka og sparisjóða
Samtals v. 1990			<u>82.127.784</u>	
Samtals				<u>115.696.483</u>

3. YFIRLIT YFIR AFGREIDDAR UMSÓKNIR

3.1. Skuldbreyting opinberra gjalda A (lögaðili)

Erindi A kom fyrst til umsagnar Ríkisendurskoðunar með bréfi frá fjármálaráðuneytinu dags. 17. júlí 1989. Í erindi fyrirtækisins var farið fram á heimild til að greiða vangoldin opinber gjöld fyrirtækisins með skuldabréfi.

Ríkisskattstjóri hafði lækkað gjöld fyrirtækisins verulega, síðast 1988. Við athugun Ríkisendurskoðunar kom í ljós að dráttarvextir höfðu ekki verið réttilega færðir miðað við niðurfellda álagningu ríkisskattstjóra. Ríkisendurskoðun óskaði eftir því við innheimtumann að þetta yrði leiðrétt. Megin niðurstaðan var sú að skuld fyrirtækisins með dráttarvöxtum lækkaði úr kr. 2.370.601 í kr. 631.941.

Í ljósi þess að forsendur beiðnarinnar höfðu breyst svo mikið sem raun bar vitni, taldi Ríkisendurskoðun rétt að taka málið upp að nýju. Fékk Ríkisendurskoðun erindið aftur til umsagnar með bréfi frá fjármálaráðuneytinu þann 1. desember 1989. Ríkisendurskoðun mælti með skuldbreytingunni með tilliti til umsagnar innheimtumanns og málavaxta að öðru leyti.

Fjármálaráðuneytið samþykkti með bréfi dags. 12. desember 1989 til lögmanns A s.f. umrædda skuldbreytingu á skuldabréf verðtryggðu til fjögurra ára.

Þau þinggjöld sem fóru á skuldabréfið sundurliðast með eftirfarandi hætti:

Tekju- og eignarskattur 1981-1985	1.644.925
-Lækkun ríkisskattstjóra 15.08.86	
<1.355.184>	
-Lækkun ríkisskattstjóra 24.05.88	
<89.538>	
Álagning eftir lækkun	200.203
+ Dráttarvextir til greiðsludags	<u>464.890</u>
Skuld til greiðslu kr.	<u>665.093</u>

Þessi skuld var greidd með skuldabréfi sem útgefið er af F. hinn 18. desember 1989 að fjárhæð kr. 665.093 til 4 ára, verðtryggt með mánaðarlegum afborgunum. Fyrsta afborgun var 15. janúar 1990. Vextir eiga að miðast við meðaltal verðtryggðra útlána á hverjum tíma samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands.

Skuldabréfið er tryggt með 3. veðrétti í tveimur fasteignum.

3.2. Skuldbreyting opinberra gjalda B (lögaðili)

Ríkisendurskoðun fékk erindi B h.f. fyrst til umsagnar með bréfi frá fjármálaráðuneytinu dags. 26. júlí 1989. Í erindi fyrirtækisins var farið fram á skuldbreytingu vangoldinna opinberra gjalda B h.f. vegna ársins 1988. Í erindi fyrirtækisins kom fram að óformlegum "nauðasamningum" lauk með samningi um lækkun skulda að fjárhæð 6 milljónir króna. Ennfremur kom fram að viðbótarálagning eldri þinggjalda svo og söluskattur höfðu verið kærð til ríkisskattaneðndar en úrskurður lá ekki fyrir. Ríkisendurskoðun taldi ekki rétt að taka eitt ár út úr þ.e. 1988 og semja um það sérstaklega, meðan ekki lægi fyrir hvernig aðrar skuldir við ríkissjóð yrðu gerðar upp.

Ríkisendurskoðun fékk síðan aftur erindi B h.f. til umsagnar með bréfi frá fjármálaráðuneytinu dags. 14. desember 1989. Í erindi B var farið var fram á skuldbreytingu vangoldinna opinberra gjalda vegna ársins 1988. Kom fram í bréfi innheimtumanns að eldri gjöld hafi verið felld niður af skattyfirvöldum og var hann meðmæltur skuldbreytingunni. Mælti Ríkisendurskoðun með skuldbreytingunni einkum með tilliti til umsagnar innheimtumanns.

Fjármálaráðuneytið samþykkti með bréfi dags. 15. febrúar 1990 til B h.f. umrædda skuldbreytingu þó þannig að 20% gjaldanna yrðu greidd strax ásamt vangoldnum tollum að fullu en eftirstöðvarnar yrðu greiddar með skuldabréfi til tveggja ára.

Umrædd skuld sundurliðast með eftirfarandi hætti:

Þinggjöld:

Álagning vegna 1988	595.930
Dráttarvextir	315.411
Kostnaður	<u>6.659</u>
Samtals	<u>918.000</u>

Þessi skuld var greidd með skuldabréfi sem útgefið er af B h.f. hinn 23. mars 1990 að fjárhæð kr. 918.000, til 2ja ára verðtryggt með mánaðarlegum afborgunum. Fyrsta afborgun bréfsins var 15. apríl 1990. Vextir eiga að miðast við meðaltal verðtryggðra útlána á hverjum tíma samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands þó eru tilgreindir vextir á bréfinu 6.5% sem er meðaltal kjörvaxta sem Seðlabankinn reiknar.

Skuldabréfið er tryggt með 21. veðrétti í fasteign fyrirtækisins ásamt vélum og tækjum. Núverandi brunabótamat eignarinnar er um 62 milljónir króna.

3.3. Skuldbreyting opinberra gjalda C (lögaðili)

Ríkisendurskoðun fékk erindi C h.f. til umsagnar með bréfi frá fjármálaráðuneytinu dags. 1. ágúst 1989. Í erindi fyrirtækisins var farið fram á heimild til að greiða vangoldin opinber gjöld fyrirtækisins með skuldabréfi til átta ára. C h.f. skuldaði opinber gjöld frá árunum 1985 til 1988. Ríkisendurskoðun mælti með erindinu þar sem innheimtumaður færði rök fyrir því að lögtök þau sem gerð höfðu verið í eignum fyrirtækisins væru ekki nægjanleg til tryggingar kröfum ríkissjóðs kæmi til sölu á nauðungaruppboði.

Fjármálaráðuneytið samþykkti með bréfi dags. 26. september 1989 til innheimtumanns umrædda skuldbreytingu á skuldabréfi verðtryggðu til átta ára.

Þau þinggjöld sem fóru á skuldabréfið sundurliðast með eftirfarandi hætti:

Ár	Álagning	Dráttarv.	Kostnaður	Samtals
1985	1.948.666	3.261.369	28.250	5.238.285
1986	1.603.250	2.199.012	35.864	3.838.126
1987	2.163.536	1.977.722	49.300	4.190.558
1988	<u>2.781.142</u>	<u>1.219.493</u>	<u>64.480</u>	<u>4.065.115</u>
	<u>8.496.594</u>	<u>8.657.596</u>	<u>177.894</u>	<u>17.332.084</u>

Þessi skuld var greidd með skuldabréfi sem útgefið er af C h.f. hinn 9. október 1989 að fjárhæð kr. 17.332.084 til 8 ára, verðtryggt með mánaðarlegum afborgunum. Fyrsta afborgun var 15. nóvember 1989. Vextir eiga að miðast við meðaltal verðtryggðra útlána á hverjum tíma samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands.

Skuldabréfið er tryggt með 18. veðrétti í fasteign fyrirtækisins.

3.4. Skuldbreyting opinberra gjalda D1, D2, D3 og D4 (4 lögaðilar)

Ríkisendurskoðun fékk erindi fyrirtækjanna fjögurra til umsagnar með bréfi frá fjármálaráðuneytinu dags. 24. nóvember 1989. Í erindum þeirra var farið fram á skuldbreytingu vangoldinna opinberra gjalda.

Í bréfi endurskoðanda fyrirtækjanna kom fram að þau höfðu átt í verulegum greiðsluerfiðleikum sem leiddu til greiðslustöðvunar þann 1. júní 1989 sem síðan fékkst framlengd þann 1. september 1989. Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina samþykkti þann 18. september að veita þeim fyrirgreiðslu en setti þó sem skilyrði að fjárhagsleg endurskipulagning færi fram. Þannig veitti sjóðurinn hlutafjárlán að upphæð 6 milljónir króna, að því tilskildu að hlutafé yrði aukið um 15 milljónir. Atvinnutryggingarsjóður samþykkti ennfremur að veita fyrirtækjunum skuldbreytingarlán allt að 50 milljónum króna, að því tilskildu að tiltekinn banki tæki þátt í skuldbreytingunni, og að lækkun skulda með aukningu hlutafjár og annarri hagræðingu svo sem sölu eigna yrði a.m.k. 37 milljónir.

Á grundvelli þessarar endurskipulagningar var ríkissjóði gert eftirfarandi tilboð:

1. Staðgreiðsla yrði greidd með peningum, þ.e. þegar gengið hefur verið frá lánum við Bygðastofnum til aukningar á hlutafé.
2. Önnur gjöld til ríkissjóðs yrðu greidd með nokkrum skuldabréfum sem fyrirtækin höfðu fengið frá þriðja aðila.

Ríkisendurskoðun mælti með skuldbreytingunni og tilgreindi sem ástæðu bæði umsögn endurskoðanda fyrirtækjanna um tapshættu kröfunnar og bréflega samþykkt ráðuneytisins.

Skuldir fyrirtækjanna sundurliðast með eftirfarandi hætti:

	<u>Álagning:</u>	<u>Dráttarv.:</u>	<u>Samtals:</u>
D1:			
Þinggjöld v. 1989	910.500	0	910.500
Launaskattur:			
Tímabil 01 1988	85.845	56.306	142.151
Tímabil 02 1988	105.992	61.567	167.559
Tímabil 03 1988	<u>97.093</u>	<u>48.536</u>	<u>145.629</u>
	288.930	166.409	455.339
Atvinnuleysistr.sj.			
gjald v/1989	<u>18.283</u>	<u>0</u>	<u>18.283</u>
Samtals	<u>1.217.713</u>	<u>166.409</u>	<u>1.384.122</u>
D2:			
Þinggjöld:			
Vegna 1985	2.943.474	780.009	3.723.483
Vegna 1988	92.985	32.073	125.058
Vegna 1989	<u>1.150.000</u>	<u>156.310</u>	<u>1.306.310</u>
	<u>4.186.459</u>	<u>968.392</u>	<u>5.154.851</u>
Þungaskattur v/1989	<u>58.300</u>	<u>8.338</u>	<u>66.638</u>
Samtals	<u>4.244.759</u>	<u>976.730</u>	<u>5.221.489</u>
D3:			
Þinggjöld:			
Vegna 1985	537.516	155.338	692.854
Vegna 1986	447.330	145.376	592.706
Vegna 1987	880.968	390.075	1.271.043
Vegna 1989	<u>256.039</u>	<u>36.940</u>	<u>292.979</u>
Samtals	<u>2.121.853</u>	<u>727.729</u>	<u>2.849.582</u>
D4:			
Þinggjöld:			
v/1988	1.054.781	100.354	1.155.135
v/1989	<u>704.521</u>	<u>87.373</u>	<u>791.894</u>
	1.759.302	187.727	1.947.029
Launaskattur:			
v/1985	39.665	75.340	115.005
v/1987	66.867	62.340	129.207
v/1988	<u>15.850</u>	<u>8.745</u>	<u>24.595</u>
	122.382	146.425	268.807
Samtals	<u>1.881.684</u>	<u>334.152</u>	<u>2.215.836</u>
Skuldir utan staðgreiðslu samtals			<u>11.671.029</u>

Þessar framangreindu skuldir voru greiddar með framsali skuldabréfa og peningum sem hér segir:

A. Skuldabréf:

1. Sjö samhljóða skuldabréf. Nafnverð hvers bréfs er kr. 480.858 . Bréfin eru útgefin af T þann 20. maí 1989. Bréfin eru til þriggja ára, verðtryggð með tveimur afborgunum á ári. Fyrsta afborgun bréfsins var 1. apríl 1990. Vextir eiga að miðast við meðaltal verðtryggðra útlána á hverjum tíma samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands og eiga að reiknast frá 30. mars 1989. Skuldabréfin eru tryggð með 12. veðrétti í atvinnutæki T.

2. Sex samhljóða skuldabréf. Nafnverð hvers bréfs er kr. 521.772. Bréfin eru útgefin af T þann 20. maí 1989. Bréfin eru til sjö ára, verðtryggð með tveimur afborgunum á ári. Fyrsta afborgun bréfsins var 15. mars 1990. Vextir eiga að miðast við meðaltal verðtryggðra útlána á hverjum tíma samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands og eiga að reiknast frá 20. mars 1989. Skuldabréfin eru tryggð með 13. veðrétti í atvinnutæki T . Einnig er sett að bakveði fyrir 30% skuldarinnar 6. veðréttur í fasteign T.

3. Tíu samhljóða skuldabréf. Nafnverð hvers bréfs er kr. 287.666 . Bréfin eru útgefin af T þann 15. júní 1989. Bréfin eru til fjögurra ára, verðtryggð með tveimur afborgunum á ári. Fyrsta afborgun bréfsins var 15. maí 1990. Vextir eiga að miðast við meðaltal verðtryggðra útlána á hverjum tíma samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands. Skuldabréfin eru tryggð með 14. veðrétti í atvinnutæki T. Einnig er sett að bakveði fyrir 30% skuldarinnar 7. veðréttur í fasteign T.

Framreiknaðir vextir og verðbætur þessara skuldabréfa, miðað við 19. desember 1989, eru sem hér segir:

Skuldabréf	Nafnverð	Verðb.	Framreikn
7 bréf útg. 20.05.89	3.366.006	539.476	3.905.482
6 bréf útg. 20.05.89	3.130.632	501.756	3.632.388
10 bréf útg. 15.06.89	<u>2.876.660</u>	<u>287.080</u>	<u>3.163.740</u>
Samtals	<u>9.373.298</u>	<u>1.328.312</u>	<u>10.701.610</u>
Bókfærðir áfallnir vextir vegna 1989			<u>569.912</u>
Samtals með áföllnum vöxtum		kr.	<u>11.271.522</u>

Uppgjör við ríkissjóð 1989:

Uppgjör fyrirtækjanna við innheimtumann ríkissjóðs er því eftirfarandi í árslok 1989:

Skuldir samkvæmt ofangreindu	14.514.044
Greiðslur:	
Með 23 skuldabréfum þann 29.12.1989	11.271.522
Með peningum þann 29.12.1989	<u>3.321.976</u>
Mismunur (ofgreidd staðgreiðsla)	<u>- 79.454</u>

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum voru skilin 29.12.1989 eftirfarandi:

Staðgreiðsla skatta v.1989:

Staða fyrir innborgun	2.843.015
Innborgun 29.12.1989	<u><2.922.469></u>
Inneign 29.12.1989	<u><79.454></u>

Aðrar upplýsingar um fyrirtækin:

Löggiltur endurskoðandi fyrirtækjanna hefur staðfest að fjárhagslegri endurskipulagningu þeirra hafi lokið að mestu í febrúar 1990 og að öllum skilyrðum Atvinnutryggingarsjóðs hafi verið fullnægt.

3.5. Skuldbreyting opinberra gjalda E (einstaklingar)

Ríkisendurskoðun fékk erindi E til umsagnar með bréfi frá fjármálaráðuneytinu dags. 8. desember 1989. Í erindi fyrirtækisins var farið fram á skuldbreytingu opinberra gjalda E og niðurfellingu dráttarvaxta. E skuldaði opinber gjöld frá árunum 1986 til 1989. Ríkisendurskoðun mælti með erindinu þar sem innheimtumaður var skuldbreytingunni samþykkur með þeirri breytingu þó að ekki væri hægt að samþykkja niðurfellingu dráttarvaxta.

Fjármálaráðuneytið samþykkti með bréfi dags. 21. febrúar 1990 til E umrædda skuldbreytingu á skuldabréfi verðtryggðu til fimm ára. Ekki var fallist á niðurfellingu dráttarvaxta.

Þau þinggjöld sem fóru á skuldabréfið sundurliðast með eftirfarandi hætti:

Ár	Álagning	Dráttarv.	Kostnaður	Samtals
1986	467.686	323.069	7.193	797.948
1987	25.932	26.884		52.816
1988	13.118	7.316		20.434
1989	<u>7.744</u>	<u>2.383</u>		<u>10.127</u>
	<u>514.480</u>	<u>359.652</u>	<u>7.193</u>	<u>881.325</u>

Þessi skuld var greidd með skuldabréfi sem útgefið er af E hinn 29. mars 1990 að fjárhæð kr. 881.325 til 5 ára, verðtryggt með mánaðarlegum afborgunum. Fyrsta afborgun var 1. maí 1990. Vextir eiga að miðast við meðaltal verðtryggðra útlána á hverjum tíma samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands. Tekið var 1,8% lántökugjald.

Skuldabréfið er tryggt með 6. veðrétti í fasteign E. Núverandi brunabótamat þessarar eignar er um 7 milljónir króna.

3.6. Skuldbreyting opinberra gjalda F (lögaaðili)

Ríkisendurskoðun fékk erindi F h.f. til umsagnar með bréfi frá fjármálaráðuneytinu dags. 15. desember 1989. Í erindi fyrirtækisins var farið fram á heimild til að greiða vangoldinn launaskatt og opinber gjöld fyrirtækisins, á árabílinu 1987 til 1988, með skuldabréfi til allt að fimm ára. Skulda- og greiðslustaða fyrirtækisins hafði verið mjög erfið. Ríkisendurskoðun mælti með skuldbreytingunni með tilliti til umsagnar innheimtumanns og tapshættu kröfunnar.

Fjármálaráðuneytið samþykkti með bréfi dags. 19. janúar 1989 til innheimtumanns umrædda skuldbreytingu á skuldabréfi í samræmi við bréf frá innheimtumanni þar sem m.a. var kveðið á um að fullnægjandi veð þyrftu að vera fyrir hendi.

Þau gjöld sem fóru á skuldabréfið sundurliðast með eftirfarandi hætti:

1. Þinggjöld:

Ár	Álagning	Dráttarv.	Kostnaður	Samtals
1987	292.237	182.617	6.018	480.872
1989	1.280.256	0	800	1.281.056
1990	<u>114.970</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>114.970</u>
	<u>1.687.463</u>	<u>182.617</u>	<u>6.818</u>	<u>1.876.898</u>

Árið 1988 er ekki inni í þessari skuldbreytingu.

2. Launaskattur vegna 1988:

TB	Álagning	Dráttarv.	Samtals
1.	47.765	4.776	52.541
2.	<u>98.239</u>	<u>56.322</u>	<u>154.561</u>
	<u>146.004</u>	<u>61.098</u>	<u>207.102</u>

Ógreiddur launaskattur og opinber gjöld samtals 2.084.000

Þessi skuld var greidd með skuldabréfi sem útgefið er af F h.f. hinn 14. febrúar 1990 að fjárhæð kr. 2.084.000 til 5 ára, verðtryggt með fjórum afborgunum á ári. Fyrsta afborgun var 20. maí 1990. Vextir eiga að miðast við meðaltal verðtryggðra útlána á hverjum tíma samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands. Tekið var 1,8% lántökugjald.

Skuldabréfið er tryggt með 12. veðrétti í fasteign fyrirtækisins. Ennfremur er bréfið tryggt með veði í vörulager talinn að verðmæti um 30 milljónir króna.

3.7. Skuldbreyting opinberra gjalda G (einstaklingur)

Ríkisendurskoðun fékk erindi G til umsagnar með bréfi frá fjármálaráðuneytinu dags. 19. desember 1989. Í erindi fyrirtækisins var farið fram á heimild til að greiða vangoldin opinber gjöld, söluskatt og launaskatt með skuldabréfi. Ennfremur fór G fram á niðurfellingu dráttarvaxta að nokkru eða öllu leyti. Mælti Ríkisendurskoðun með skuldbreytingunni einkum með tilliti til tapshættu skuldarinnar en taldi þó niðurfellingu dráttarvaxta ekki heimila.

Innheimtumaður hafði með bréfi til fjármálaráðuneytis þann 14. desember 1989 mælt bæði með þessari skuldbreytingu og ennfremur að dráttarvextir yrðu felldir niður eins og G hafði farið fram á.

Fjármálaráðuneytið heimilaði með bréfi dags. 19. janúar 1990 til innheimtumanns umrædda skuldbreytingu en G var gert að greiða umrædda dráttarvexti af skuld sinni.

Skuldir G sem fóru á skuldabréf sundurliðast með eftirfarandi hætti:

1. Þinggjöld:

Ár	Álagning	Dráttarv.	Kostnaður	Samtals
1987	14.677	317		14.994
1988	95.973	53.574		149.547
1989	237.997	62.259		300.256
1990	<u>6.546</u>	<u>1.740</u>		8.286
Samtals	<u>355.193</u>	<u>117.890</u>	<u>0</u>	<u>473.083</u>

2. Launaskattur af greiddum launum:

Ár/tímabil	Álagning	Dráttarv.	Kostnaður	Samtals
1984 04	19.724	45.730		65.454
1984 05	<u>5.141</u>	<u>16.254</u>		<u>21.395</u>
	<u>24.865</u>	<u>61.984</u>		<u>86.849</u>
1985 03	20.184	51.210		71.394
1985 04	10.092	22.838		32.930
1985 05	<u>6.728</u>	<u>13.959</u>		<u>20.687</u>
	<u>37.004</u>	<u>88.007</u>	<u>125.011</u>	
1986 04	30.821	51.010		81.831
1986 05	6.789	10.619		17.408
1986 06	<u>8.935</u>	<u>13.207</u>		<u>22.142</u>
	<u>46.545</u>	<u>74.836</u>		<u>121.381</u>

Ár/tímabil	Álagning	Dráttarv.	Kostnaður	Samtals
1987 03	38.877	49.225		88.102
1987 04	15.186	17.790		32.976
1987 05	11.328	12.089		23.417
1987 06	<u>10.673</u>	<u>10.147</u>		<u>20.820</u>
	<u>76.064</u>	<u>89.251</u>		<u>165.315</u>
1988 03	41.507	27.526		69.033
1988 04	14.444	8.158		22.602
1988 05	6.119	3.106		9.225
1988 06	<u>6.143</u>	<u>2.870</u>		<u>9.013</u>
	<u>68.213</u>	<u>41.660</u>		<u>109.873</u>
Samtals	<u>252.691</u>	<u>355.738</u>	<u>0</u>	<u>608.429</u>

3. Launaskattur af eigin vinnu

Ár	Álagning	Dráttarv.	Kostnaður	Samtals
1983	9.013	29.971		38.984
1984	12.600	31.952		44.552
1985	15.400	26.212		41.612
1986	19.250	23.520		42.770
1987	1.452	923		2.375
1988	<u>59.063</u>	<u>15.330</u>		<u>74.393</u>
	<u>116.778</u>	<u>127.908</u>	<u>0</u>	<u>244.686</u>

4. Söluskattur:

Ár/tímab.	Álagning	Dráttarv.	Kostnaður	Samtals
1985 06	4.698	10.151		14.849
1985 08	5.102	12.222	1.020	18.344
1985 09	543	1.223	109	1.875
1985 12	<u>38.718</u>	<u>79.599</u>	<u>7.744</u>	<u>126.061</u>
Samtals	<u>49.061</u>	<u>103.195</u>	<u>8.873</u>	<u>161.129</u>

Skuldir G samtals:

	Álagning	Dráttarv.	Kostnaður	Samtals
Pinggjöld	355.193	117.890	0	473.083
Launaskatur	369.469	483.646	0	853.115
Söluskattur	<u>49.061</u>	<u>103.195</u>	<u>8.873</u>	<u>161.129</u>
	<u>773.723</u>	<u>704.731</u>	<u>8.873</u>	<u>1.487.327</u>
Kostnaður vegna lögtaks 1989			<u>5.102</u>	
Samtals skuldir gerðar upp með skuldabréfi			<u>1.492.429</u>	

Þessi skuld var greidd með skuldabréfi sem útgefið er af G hinn 22. maí 1990 að fjárhæð kr. 1.492.429 til fimm ára, verðtryggt með mánaðarlegum afborgunum. Fyrsta afborgun bréfsins var 22. júní 1990. Vextir eiga að miðast við meðaltal verðtryggðra útlána á hverjum tíma samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands þó eru tilgreindir vextir á bréfinu 3,5% en meðaltal verðtryggðra vaxta hjá Seðlabankanum var 7,9% í maí 1990.

Skuldabréfið er tryggt með 7. veðrétti í fasteign G. Núverandi fastegnamat eignarinnar er um 3 milljónir króna.

3.8. Skuldbreyting opinberra gjalda Æ og X (2 lögaðilar)

Æ og X óskuðu sameiginlega eftir því að fá að greiða vangoldinn söluskatt með skuldabréfi. Sendu þeir erindi sitt beint til fjármálaráðuneytisins með bréfi dagsettu 8. maí 1989.

Ríkisendurskoðun fékk erindið til umsagnar með bréfi frá fjármálaráðuneytinu þann 30. maí 1989. Var Ríkisendurskoðun meðmælt erindinu að því gefnu að samþykki innheimtumanns lægi fyrir.

Fjármálaráðuneytið samþykkti með bréfi til innheimtumanns þann 1. júní 1989 þessa skuldbreytingu.

Skuldir X sundurliðast með eftirfarandi hætti:

Söluskattur:

Ár/tímab.	Álagning	Dráttarv.	Viðurlög	Samtals
1987 09	147.741	9.897		157.638
1987 12	9.048	4.759	1.810	15.617
1988 06	500.000	155.000	100.000	755.000
1988 09	596.149	115.648	119.230	831.027
1988 11	537.798	81.204	107.560	726.562
1989 05	<u>203.487</u>			<u>203.487</u>
	<u>1.994.223</u>	<u>366.508</u>	<u>328.600</u>	<u>2.689.331</u>

Skuldir Æ sundurliðast með eftirfarandi hætti:

Söluskattur:

Ár/tímab.:	Álagning	Dráttarv.	Viðurlög	Samtals
1988 09	561.125	105.214		666.339
1988 11	427.536	64.555	85.507	577.598
1989 02	<u>283.192</u>	<u>26.902</u>	<u>56.638</u>	<u>366.732</u>
	<u>1.271.853</u>	<u>196.671</u>	<u>142.145</u>	<u>1.610.669</u>

Skuldin var samtals

kr. 4.300.000

Skuldinni var síðan skipt á tvö skuldabréf hvort um sig að upphæð kr. 2.150.000 útgefin þann 22. júní 1989. Annað bréfið er útgefið af X og er til 3ja ára, verðtryggt með afborgunum á sex mánaða fresti. Gjaldldagi fyrstu afborgunar var 20. janúar 1990. Teknir skulu hæstu löglegu vextir eins og þeir eru á hverjum tíma.

Skuldabréfið er tryggt með 19. veðrétti í fasteign fyrirtækisins ásamt vélum og tækjum.

Hitt skuldabréfið er útgefið af Æ og er líka til 3ja ára, verðtryggt með afborgunum á sex mánaða fresti. Gjaldddagi fyrstu afborgunar var 3. janúar 1990. Teknir skulu hæstu löglegu vextir eins og þeir eru á hverjum tíma.

Skuldabréfið er einnig tryggt með 19. veðrétti í fasteign fyrirtækisins ásamt vélum og tækjum.

3.9. Skuldbreyting opinberra gjalda 15 aðila

Við athugun tiltekins umdæmis kom Í ljós, í upphafi ársins 1990, að hluti eftirstöðva opinberra gjalda var í töluverðri tapshættu. Að höfðu samráði við Ríkisendurskoðun og fjármálaráðuneyti var innheimtumanni ríkissjóðs heimilað að ganga til samninga við 16 skuldara um útgáfu veðskuldabréfa til að tryggja sem best hagsmuni ríkissjóðs. Einn aðili af þessum 16 hefur ekki enn gengið frá sínu skuldabréfi en búið er að ganga frá skuldbreytingu hjá 15 aðilum alls að fjárhæð um 65 milljónir króna. Fjórir af þessum aðilum eru lögaðilar en 11 eru einstaklingar.

Rétt er að taka fram að þeim gjöldum sem fóru á viðkomandi skuldabréf var ekki skipt milli ríkissjóðs og sveitarfélags heldur voru skuldirnar settar óskiptar á skuldabréfin en hlutur sveitarfélags greiddur út.

Verða hér á eftir sýnd þau gjöld sem skuldbreytt var og kjör þeirra skuldabréfa sem gengið var frá og er hér um að ræða óskiptar heildarskuldir. Bréfin voru gefin út á tímabilinu frá febrúar til maí 1990.

S1 (einstaklingur): Skuldbreytt var þinggjöldum frá 1988 og 1989. Einnig var skuldbreytt launaskatti frá 1987 og 1988.

Opinberu gjöldin sundurliðast með eftirfarandi hætti:

Ár	Álagning	Dráttarv.	Samtals
1988	261.763	17.798	279.561
1989	<u>468.812</u>	<u>96.040</u>	<u>564.852</u>
Samtals	<u>730.575</u>	<u>113.838</u>	<u>844.413</u>

Þessi upphæð var greidd með skuldabréfi sem útgefið er af S1 hinn 21. febrúar 1990 að fjárhæð kr. 844.413 til 3ja ára, verðtryggt með ársfjórðungslegum afborgunum. Fyrsta afborgun var 1. júní 1990. Vextir skulu miðast við meðaltal verðtryggðra útlána á hverjum tíma samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands. Tekið var 1.8% lántökugjald.

Skuldabréfið er tryggt með 5. veðrétti í fasteign.

Launaskattur sundurliðast með eftirfarandi hætti:

	Ár	Álagning	Dráttarv.	Samtals
A	1987 06	21.671	9.617	31.288
E	1987	41.791	24.567	66.358
E	1988	<u>55.434</u>	<u>11.802</u>	<u>67.236</u>
	Samtals	<u>118.896</u>	<u>45.986</u>	<u>164.882</u>

A táknar launaskatt af greiddum launum en E launaskatt af eigin vinnu.

Þessi skuld var greidd með skuldabréfi sem útgefið er af S1 hinn 26.mars 1990 að fjárhæð kr. 164.882 til eins árs, verðtryggt með mánaðarlegum afborgunum. Fyrsta afborgun var 25. ágúst 1990. Vextir skulu miðast við meðaltal verðtryggðra útlána á hverjum tíma samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands.

Skuldabréfið er tryggt með 5. veðrétti í sömu fasteign og að ofan greinir og var þá búið að færa fyrra skuldabréf ríkissjóðs á 4.

S2 og S3 (hjón): Þessi hjón skulduðu þinggjöld vegna áranna 1987-1989 og launaskatt vegna áranna 1983-1988.

